

Meirihluti bæjarstjórnar, bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar og Framsóknar og frjálsra samþykkja framlagða fjárhagsáætlun ársins 2021 og þriggja ára áætlun 2022 – 2024.

Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar einkennist af ábyrgri fjármálastjórn og traustum rekstri en vegna aðstæðna sem m.a. má rekja til heimsfaraldurs kórónaveiru þá þarf að gæta aðhalds í rekstri. Áhrif heimsfaraldurs á samstæðu Akraneskaupstaðar eru rúmar 506 milljónir króna og þau má að mestu rekja til viðspyrnuaðgerða sem öll bæjarstjórn samþykkti á vormánuðum og til tekjubreytinga sem felast í lækkun á útsvarstekjum og lækkun á þjónustutekjum.

Bæjarfulltrúar samþykktu auk þessa 200 milljón króna viðbót í fjárfestingar en sú samþykkt var hluti af viðspyrnuaðgerðum bæjarstjórnar. Áhrif heimsfaraldurs til lækkunar á handbæru fé samstæðu Akraneskaupstaðar er því rúmar 706 milljónir á árinu sem nú er að líða.

Í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2021 sem hér er lögð fram er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma A-hluta bæjarsjóðs verði jákvæð um 154 milljónir króna og að rekstrarafkoma A- og B- hluta verði jákvæð samtals um 113 milljónir króna.

Sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram er lögð fram á sérstökum tímum og er viðbragð við þeim samfélagslegu áhrifum sem heimsfaraldur kórónaveirunnar hefur haft í för með sér. Áhersla er lögð á að verja grunnþjónustu í samfélaginu okkar og bregðast við því álagi sem orðið hefur á velferðar- og mannréttindasviði á árinu. Að mati meirihluta bæjarstjórnar er nauðsynlegt að bregðast við núna, sjá síðan hvernig málin þróast og taka síðan samtalið áfram um það hver framtíðarsýn meiri- og minnihluta bæjarstjórnar er í þessum mikilvægu málum.

Hér birtist því skýr framtíðarsýn sem snýst um að verja grunnstoðir samfélagsins en sýna um leið ábyrga fjármálastjórn. Sú áhersla sést vel í þeirri þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram og birtist m.a. í sterkari stöðu bæjarsjóð á komandi árum og í því að afborganir langtímalána munu fara lækkandi frá og með árinu 2024. Það eru því áfram tækifæri til stórfelldrar uppbygginga innviða hér á Akranesi til framtíðar.

Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun þeirri sem hér er lögð fram birtist þessi sýn. Á næsta ári mun uppbygging þjónustumiðstöðvar við Dalbraut klárast, framkvæmdir við nýjan leikskóla munu hefjast, lokahönnun á Jaðarsbökkum mun klárast og framkvæmdir fara í gang.

Framkvæmdir við uppbyggingu Fjöliðjunnar munu fara af stað, uppbygging mun halda áfram á Dalbrautarreit, gatnagerð í Skógarhverfi þriðja áfanga mun fara af stað, framkvæmdir halda áfram við skólalóð Brekkubæjarskóla og hefjast við skólalóð Grundaskóla.

Bæjarfulltrúar meirihlutans þakka bæjarfulltrúum minnihlutans fyrir gott samstarf í ráðum og nefndum við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2021 og þriggja ára áætlunar 2022 - 2024.

Jafnframt þakka þau bæjarstjóra, endurskoðanda og embættismönnum bæjarins fyrir afar gott samstarf og þeirra mikla vinnuframlag við þessa fjárhagsáætlunargerð sem hér er lögð fram.

Með von um áframhaldandi gott samstarf á árinu 2021.